

L Ö G102
10. des.

um breyting á lögum nr. 20 31. jan. 1952, um landnám, nýbyggðir og endurbyggingar í sveitum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað „10 ár“ í síðari málsgr. 4. gr. laganna komi: 20 ár.

2. gr.

Í stað „10 ár“ í staflið 2 í 13. gr. laganna komi: 20 ár.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 10. desember 1954.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Steingrímur Steinþórsson.

L Ö G103
17. des.

um afnám ákvæða í lögum, sem binda atvinnuréttindi íslenskra ríkisborgara við undanfarna búsetu eða dvöl hér á landi.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ákvæði í lögum, sem binda atvinnuréttindi íslenskra ríkisborgara við undanfarna búsetu eða dvöl hér á landi, eru úr gildi numin.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 17. desember 1954.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Bjarni Benediktsson.

35